

Fundargerð

3. fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

Haldinn í gegnum Teams þann 8. febrúar 2022 frá kl. 13:30-14:00

Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrú landeigenda
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Markmið fundar/Dagskrá

1. Fara yfir samráðsfundi – eitthvað sem hópurinn vill ræða frekar?
 - a. Afurðin – báðar fundargerðir frá samráðsfundum fara inn á heimasvæði vinnslu áætlunarinnar og munu þær upplýsingar sem fram komu nýtast í stefnumótunarvinnunni við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
2. Fara yfir 1. og 2. kafla áætlunarinnar áður en við sendum þá í yfirllestur til samstarfshóps

Umræður voru um hjólreiðar í tengslum við samráðsfund og töldu fundarmenn ekki ástæðu til að takmarka hjólreiðar á svæðinu að svo stöddu. Lagt var upp með að fjalla um hjólreiðar í stjórnunar- og verndaráætlun með það að leiðarljósi að það er alltaf hægt að breyta áætluninni komi til þess að takmarka þurfi umferð almennt, þar með talið umferð hjólandi. Skilgreindir verða þeir slóðar/troðningar, sem myndu falla undir stíga og þá heimilir að fara á hjólum, í stjórnunar- og verndaráætlun, einnig verður lagt upp með að setja fram þær reglur/tilmæli að hjólandi umferð eigi ávallt að víkja fyrir gangandi og takmarka umferð rafmagnshjóla.

Rætt var almennt um flug um svæðið og fannst fundarmönnum mikilvægt að skoða möguleikana á því að setja frekari reglur í samræmi við þær reglur sem gilda um Þjórsárver. Til dæmis gæti reglan hljóðað á þann veg að flug sé ekki heimilt í nálægð við Látrabjarg á þeim tíma þegar fugl er í bjargi. Ákveðið var að skoða þetta mál betur í samráði við Samgöngustofu.

Næstu skref:

- Þórdís Björt og Edda munu skoða lagaheimildir og athuga með möguleikum á að funda með Samgöngustofa varðandi reglur um flug yfir Látrabjargi.
- Þórdís Björt og Edda munu klára að fínþússa drög að 1. og 2 kafla og senda í yfirllestur á samstarfshóp 11. febrúar.